

# Fundur fagráðs um velferð dýra

## Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Selfossi
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	29.01.2018
<i>Fundarritari:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundartími:</i>	13.00 – 15.00
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>			
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir, Erna Bjarnadóttir, Henry Alexander Henrysson, Katrín Andrésdóttir, Ólafur Dýrmundsson og Þóra Jónasdóttir		

Dagskrá fagráðs um velferð dýra 29. janúar 2018

Fulltrúar Villikatta koma á fund fagráðs um velferð dýra í upphafi fundar og kynna störf sín og aðferðarfræði við að fanga villiketti og aðferðarfræði TNR sem þeir vinna eftir, áætlaður tími 30 mínútur.

Hefðbundin dagskrá tekur því næst við

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir um dýratilraunir
  - a. Mælingar á heyrn álku
  - b. Pre-kínísk rannsókn á meðferð gegn blásýrueitrun
3. Úrskurður ANR, eyrnaklippingar Villikatta (*frekari umræðu frestað á síðasta fundi til að ráðsmenn gætu kynnt sér betur aðferðarfræðina*)
4. Dýrasýningar, keppnir og dýr notuð til gjafa (*umræðu frestað á síðasta fundi*)
5. Önnur mál
  - a. Breytt skipulag eftirlits - hvernig er hægt að greina skyndileg frávik - samstarf við félagsþjónustu og sveitarfélög (*umræðu frestað á síðasta fundi*)
  - b. Flutning smákálfa í sláturhús, túlkun á nýju reglugerðinni um flutninga (*umræðu frestað á síðasta fundi*)
  - c. Burðarerfiðleikar, einkum hjá ám, sem hugsanlega geta tengst vaxtarlagi fjárlagsins, einkum hrúta

## Umræða

Ráðsmenn hófu fundinn með umræðu um að setja þyrfti verklag þegar óskað er eftir fundi með ráðinu. Ákveðið að færa lið 3 í dagskrá og takan hann fyrstan fyrir og voru fulltrúar Villikatta boðnir velkomnir.

Dagskrárlíður 3.

Fulltrúar Villikatta kynntu starfsemi og markmið félagsins þegar kemur að því að fanga-gelda-og skila aftur villtum köttum (TNR) og verklag sem félagið notar. Í kjölfar kynningar fóru fram almennar umræður og fyrirspurnir af hálfu fagráðsmanna til Villikatta. Ákveðið að fagráð taki saman ráðgefandi álit til handa Matvælastofnun án aðkomu yfirdýralæknis.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Umsóknir um dýratilraunir
  - a. Mælingar á heyrn álku. Tekin er fyrir að umsókn sem snýr að heyrnamælingum fugla (10 af hverri tegund langnefju, stuttnefju og lunda). Fagráð hefur kynnt sér umsóknina og telur álag

á tilraunadýrin siðferðislega verjandi með tilliti til þess ávinnings sem af tilrauninni hlýst enda sé meðferð og meðhöndlun dýranna í samræmi við ákvæði laga og reglugerða auk þess sem skilgreindur „mannúðlegur endapunktur“ (humane endpoint) verður virtur. Fagráð veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar, með þeim fyrirvara að 1) Matvælastofnun hafi borist staðfesting frá dýralækni um að hann verði viðstaddur og beri ábyrgð á svæfingu/deyfingu fuglanna 2) að spurningum um mannúðlegan endapunkt hafi verið svarað á fullnægjandi hátt.

- b. Pre-klínísk rannsókn á meðferð gegn blásýrueitrun. Tekin er fyrir umsókn sem er endurtekningu á fyrri tilraun, pre-klínísk rannsókn á meðferð gegn blásýrueitrun a) og b) lið en verið er að prófa aukaverkanir á prófunar lyfinu. Fagráð hefur kynnt sér umsóknina og telur álag á tilraunadýrin siðferðislega verjandi með tilliti til þess ávinnings sem af tilrauninni hlýst enda sé meðferð og meðhöndlun dýranna í samræmi við ákvæði laga og reglugerða auk þess sem skilgreindur „mannúðlegur endapunktur“ (humane endpoint) verður virtur. Fagráð veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar þó með þeim skilyrðum að vöktun verði aukin til miðnættis.

Öðrum dagskrárliðum var frestað og fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.15.